

## Atvinnuveganefnd Alþingis

Reykjavík 24. mars 2021

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum  
um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 (heildaraflahlutdeild).

Landssamband smábátæigenda (LS) telur frumvarpið gott innlegg í umræðu undanfarinna missera um að sporna við samþjöppun í sjávarútvegi og auka þannig samkeppni innan greinarinnar. Sú hugmynd sem frumvarpið boðar er einföld leið til að færast nær því markmiði sem kveðið er á um í 13. gr. laga um stjórn fiskveiða um að sporna við samþjöppun. Með henni myndi möguleikum aðila sem eru komnir að hámarki fækka til að ná íhlutun í aflahlutdeild sem er umfram viðmiðunarmörk laganna.

Hins vegar er frumvarpið eitt og sér ekki nægjanlegt þar sem ekki er gert ráð fyrir nákvæmari skilgreiningu á skyldum aðilum. Við umfjöllun nefndarinnar á frumvarpinu telur LS að skoða eigi í heild þau tvö frumvörp sem fram eru komin um dreifða eignaraðild auk væntanlegs frumvarps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Frumvarp það sem hér er til umsagnar gæti á þann hátt tengst því frumvarpi sem nefndin samþykkir til 2. umræðu.

Virðingarfyllst

  
Arthur Bogason formaður

  
Örr Pálsson framkvæmdastjóri